Fullgild rafræn undirskrift
ÍSAK SIGURJÓN BRAGASON
Kennitala: 300384-3319
2022-01-31 15:43:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift
SIGRÍÐUR KRISTINSDÓTTIR
Kennitala: 200463-3669
2022-01-31 15:59:45 GMT
Ástæða: Undirskrift

UMHVERFIS
STOFNUN

Heilbrigðisráðuneytið
Skógarhlíð 6
105 Reykjavík

Reykjavík, 31.1.2022
UST202201-188/Í.S.B.
04.02

Umsögn Umhverfisstofnunar um drög að frumvarpi til laga um nikótínvörur - Mál nr. 12/2022

Vísað er til máls nr.12/2022 í samráðsgátt stjórnvalda um drög að frumvarpi til laga um nikótínvörur.

Athugasemdir við einstök ákvæði frumvarpsins

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar í drögum að frumvarpi:

Í b-lið 9. gr. frumvarpsins er lagt til að bannað verði að flytja inn, framleiða og selja nikótínvörur og rafrettur sem innihalda bragðefni sem kunna að höfða til barna. Ráðherra skal setja reglugerð um nánari útfærslu þessa ákvæðis. Umhverfisstofnun bendir á að um er að ræða mjög matskennt ákvæði og að þær vörur sem bannið á að ná til og eru seldar hérlendis innihalda margar ýmis bragðefni. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt að ráðherra setji umrædda reglugerð sem fyrst eftir að frumvarpið verði að lögum og að það verði skýrt hvaða vörur/bragðefni eigi að falla þar undir.

Í b-lið 3. gr. frumvarpsins er tveimur nýjum skilgreiningum bætt við 3. gr. laganna. Önnur skilgreiningin er á orðinu *nikótínvara*. Þar segir að um sé að ræða vöru sem inniheldur nikótín, hvort sem það er unnið úr tóbaki eða ekki, til dæmis nikótínpúði. Umhverfisstofnun vill benda á að skilgreiningin er nokkuð víðtæk og má færa fyrir því rök að undir hana falli vörur sem líklega var ekki markmiðið að ná yfir, t.d. sígarettur og nikótíninnihaldandi áfyllingar fyrir rafrettur. Verði frumvarpið að lögum kæmi fram í gildissviðsákvæði laganna að lögin gildi um nikótínvörur, án frekari takmörkunar (þó um lyf og matvæli), og því mikilvægt að skilgreining hugtaksins sé sem hnitmiðuðust, í ljósi þess að gildissvið laganna miðast við hvað felst í hugtakinu.

Í 2. mgr. 28. gr. frumvarpsins er gerð breyting á efnalögum nr. 61/2013 með þeim hætti að allar þær vörur sem falla undir gildissvið laga um nikótínvörur, rafrettur og áfyllingar fyrir rafrettur nr. 82/2018 eftir breytingu eru felldar út úr gildissviði efnalaga. Hér er gengið lengra en Umhverfisstofnun telur ráðlegt. Nikótín og önnur innihaldsefni í áfyllingum fyrir rafrettur heyra undir fleiri en eina reglugerð sem settar eru með stoð í efnalögum. Þannig eru efnin t.a.m. skráningarskyld skv. reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH) og eins ber að flokka þau og merkja með tilliti til hættu sem af þeim kann að stafa í samræmi við reglugerð nr. 415/2014 um flokkun, merkingu og umbúðir efna og efnablandna. Eftir því

sem næst verður komist hafa áfyllingar fyrir rafrettur ekki verið felldar út úr gildissviði samsvarandi reglugerða í öðrum löndum EES og ekki ljóst í hvaða tilgangi það væri gert hér. Sé meiningin að fella vörur á borð við nikótínpúða út úr gildissviði efnalaga en ekki áfyllingar fyrir rafrettur þarf að gera breytingar á orðalagi frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

Ísak Sigurjón Bragason
teymisstjóri

Sigríður Kristinsdóttir
teymisstjóri